

Steindór Steindórsson, skólameistari

Afhending 2012/78

Steindór Jónas Steindórsson fæddist 12. ágúst 1902 á Möðruvöllum í Hörgárdal og lést 26. apríl 1997. Foreldrar hans voru Kristín Jónsdóttir (1866-1974) og Steindór Jónasson (1872-1902).

Steindór ólst upp af einstæðri móður en faðir hans lést nokkrum mánuðum áður en hann fæddist. Eftir nám í einkaskóla innritaðist hann í annan bekk Gagnfræðaskólans á Akureyri 1920. Árið 1922 lauk hann gagnfræðiprófi og settist þá á skólabekk við Menntaskólann í Reykjavík og lauk stúdentsprófi þaðan 1925. Um haustið 1925 sigldi hann til Kaupmannahafnar og nam náttúrufræði. Hann lauk f.hl. meistaraprófs í grasafræði 1930 en hann gat ekki klárað vegna veikinda. Hann réðst sem kennari að Menntaskólanum á Akureyri 1930-66 og skólameistari 1966-72. Vann að gróðurrannsóknum á sumrum 1930-1947. Hann tók framhaldsnám og rannsóknir við háskólann í Ósló 1961 og var heiðursdoktor HÍ 1981.

Hann tók virkan þátt í þjóðmálum og stjórnmálum um langt skeið, sat í bæjarstjórn Akureyrar 1946-1958 og á Alþingi Íslendinga um hríð. Einnig tók hann virkan þátt í félagsmálum og var formaður og í stjórnnum ýmissa félaga svo sem Alþýðuflokksins, Ferðafélags Akureyrar, Norræna félagsins á Akureyri, Ræktunarfélags Norðurlands ofl. Fjöldmörg ritver og bækur liggja eftir hann, einkum um náttúru Íslands og þætti úr sögu lands og þjóðar.

Hann var kvæntur Kristbjörgu Dúadóttur, f. 3. desember 1899, d. 16. ágúst 1974. Þau gengu í hjónaband 14. júlí 1934. Þau áttu eitt barn.

Afhendingin kom frá Örlygi Hálfánarsyni

Aðrar afhendingar

92, 462, 465, 536, 574, 582, 601, 686, 826, 926, 928, 1117, 1123, 1140, 1187, 2001/43, 2002/42, 2002/44, 2002/45, 2004/27, 2005/26, 2006/22, 2006/54

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
27. janúar 2025

Þuríður Jóna Steinsdóttir
Skjalavörður

Geymsluskrá

2012 / 78

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni**A-Steindór Steindórsson****A-Steindór Steindórsson****1956 - 1962**

A	1	1	1956 - 1962	Litlar dagbækur frá árunum 1956 til 1962.
A	1	2	-	Blöð úr vinnubók Steindórs; Minnisgreinar 1. Gróðurrannsóknir 2. Utanfari 3. Áramótagreinin 4. það sem ég hef skrifað 5. lokaþættir langrar æfi; dagbækur Hlaðabræðra; viðbættir við æviágrip í Íslenskir samtíðarmenn II. 1967
A	1	3	-	Sú stóra þúsundfryd, handrit af óútgefnu efni eftir Steindór. Kaflar: Hvað er þetta? ýmiskonar dularreynsla, Vallarsköfur
A	1	4	-	Sú stóra þúsunfryd II. bindi. Handrit að óútgefnu efni eftir Steindór. Kaflar: Vallarsköfur, frh úr I. bindi.